

**Nd.**

**827. Nefndarálit**

[119. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega á fundum sínum frá því frumvarpinu var vísað til hennar 25. febr. s.l.

Til viðræðna við nefndina komu m.a. fulltrúar dómsmálaráðuneytis, Umferðarráðs, lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, umferðarnefndar Reykjavíkur og Ökukennarafélags Íslands. Þá bárust nefndinni erindi frá allmörgum aðilum um efni frumvarpsins sem hún hefur fjallað um.

Nefndin telur nauðsyn á að setja nýjar reglur um ökukennslu og ökunám, annaðhvort í sérstökum lögum eða reglugerð þar sem ítarlegar verði fjallað um þessa tvo mikilvægu málaflokka en nú er um að ræða. Verði þar m.a. fjallað um menntun ökukennara og náms-efni og lágmarksfjölda kennslustunda til ökuprófs, en mun strangari ákvæði gilda annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum en hér á landi.

Þá taldi nefndin brýna nauðsyn á að sett verði skýr ákvæði í reglugerð um kennslu sem veitir réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar um þetta mál. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma við meðferð málsins.

Alþingi, 10. mars 1987.

Gunnar G. Schram,  
form., frsm.

Pálmi Jónsson.

Guðrún Helgadóttir,  
fundaskr.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ólafur Þ. Þórðarson.

Friðjón Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.